



Reykjavík 17. febrúar 2017

Umsögn Hagstofu Íslands um þingskjal 155–58. mál

146. löggjafarþing 2016-2017

Að ósk efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis veitir Hagstofa Íslands umsögn um „*tillögu til þingsályktunar um upptöku samræmdrar vísitölu neysluverðs*“.

Um málefni verðtryggingar er fjallað í *lögum um vexti og verðtryggingu nr. 38 frá 2001* og er þar tilgreindur sá grundvöllur er nýta skal við verðtryggingu fjárskuldbindinga sem uppfylla skilyrði laganna. Hagstofa Íslands reiknar og birtir vísitölu neysluverðs í samræmi við *lög um vísitölu neysluverðs nr. 12 frá 1995* sem síðan er notuð sem grundvöllur verðtryggingar skv. núgildandi Lögum um vexti og verðtryggingu.

Hagstofa Íslands gerir ekki athugasemd við að starfshópur verði skipaður um málefni verðtryggingar, sem fari yfir kosti og galla ólíkra mælikvarða sem nota mætti til verðtryggingar, eða að slíkur hópur leggi til nýjan grundvöll verðtryggingar frá því sem nú gildir. Hagstofa Íslands er tilbúin að upplýsa slíkan starfshóp um samsetningu vísitalna sem til umfjöllunar myndu koma, séu þær vísitölur á forræði Hagstofu Íslands.

Hagstofa Íslands er skuldbundin til að reikna samræmda vísitölu neysluverðs (HICP) fyrir Ísland á grundvelli EES samningsins og fylgir við það þeim lögum og reglum sem um vísitölurnar gilda. Um HICP gildir Evrópureglugerðin: „*Regulation (EU), 2016/792 of the European Parliament and of the Council of 11 May 2016 on harmonised indices of consumer prices and the house price index*“.

Í greinargerðinni með þingsályktunartillögunni kemur fram sérstök áhersla á að HICP fyrir Ísland verði metin sem mögulegur grundvöllur verðtryggingar í stað vísitölu neysluverðs vegna þess munar sem er á útfærslu mælinga á húsnæðiskostnaði vísitalnanna tveggja. Rétt er að geta þess að húsnæði er og hefur verið frá upphafi neysluflokkur í báðum vísitölum enda er samsetning þeirra beggja byggð á sama neysluflokkunarkerfinu, sem er COICOP neysluflokkunarkerfi Sameinuðu þjóðanna.


Húsnæðisliður vísitölu neysluverðs og samræmdra vísitalna neysluverðs:

COICOP númer	Íslenskt heiti
04	Húsnæði, hiti og rafmagn
04.1	Greidd húsaleiga
04.2	Reiknuð húsaleiga
04.3	Viðhald og viðgerðir á húsnæði
04.4	Annað vegna húsnæðis
04.5	Rafmagn og hiti

Munurinn á húsnæðislið vísitalnanna liggur í því að undirliðurinn 04.2 Reiknuð húsaleiga hefur ekki verið tekinn með í samantekt HICP ennþá. Fyrir því er sú sögulega skýring að ríki í Evrópu hafa þurft að byggja upp mælingar á þeim lið í samræmi við fáanlegar upplýsingar um fasteignamat og verðmat fasteigna í hverju ríki fyrir sig. Sú uppbygging hefur gengið misjafnlega hratt. Í dag reikna flest lönd Evrópu húsnæðisvísitölur sem eru grundvöllur innleiðingar á lið 04.2 í samantekt HICP og eru þessar vísitölur birtar á vef Hagstofu Evrópusambandsins. Í þeirri reglugerð sem nú gildir um HICP og var samþykkt í Evrópuþinginu í maí 2016 er áætlun um innleiðingu á lið 04.2 í samantekt HICP frá og með árinu 2020 og því verður þessi munur á samantekt HICP og vísitölu neysluverðs að óbreyttu úr sögunni innan þriggja ára.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni er einnig vísað til þess að útgjöld ferðamanna séu undanskilin í samantekt vísitölu neysluverðs en séu hluti af samantekt HICP. Það er rétt og verður svo áfram enda er vísitala neysluverðs verðlagsmælikvarði á einkaneyslu samkvæmt lögum um vísitölu neysluverðs á meðan hlutverk HICP er að vera mælikvarði á verðlagsstöðugleika í löndum Evrópusambandsins.

Virðingarfyllt



Ólafur Hjálmarsson  
hagstofustjóri